

Fréttabréf Síðuskóla

6. bréf - apríl - skólaárið 2019-2020

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Það er óhætt að segja það að síðustu vikurnar í skólastarfinu hafi verið afar óvenjulegar og margar áskoranir orðið á vegi okkar. Eins og allir vita þá eru þrjár vikur síðan við þurftum að gjörbylta öllu starfinu vegna samkomubanns sem tók gildi á Íslandi vegna covid-19. Á þessum vikum höfum við þurft að endurskoða þessar breytingar og í dag er unglingastigið alfarið komið í fjarkennslu, miðstigið mætir annan hvern dag í skólann og yngsta stigið er í skólanum á hverjum degi en með skertan skóladag. Frístund er svo opin fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.



Sumir nemendur hafa alfarið verið heima og eru ýmsar ástæður þar að baki. Fræðslufyrirvöld óskuðu líka eftir því að þeir sem hefðu tækifæri til að vera með börnin heima gerðu það og var tilgangur sá að það væri auðveldara að fækka í hópnum í skólanum. Við höfum öll þurft að taka höndum saman til að láta þetta ganga upp og við eigum öll heiður skilið, nemendur, starfsfólk og ekki síst þið foreldrar hvað þetta hefur gengið vel.

Eins og staðan er í dag þá verður óbreytt skipulag eftir páska þegar við byrjum aftur þann 14. apríl. Við biðjum ykkur að hafa samband við umsjónarkennara ef einhverjar breytingar verða með leyfisbeiðnirnar. Það er gott fyrir okkur að hafa yfirsýn yfir það hversu margir verða í skólanum, það skiptir máli upp á hópastærðirnar og ráðstöfun á starfsfólki. Ef þið óskið eftir því að framlengja leyfi þá þarf að fara inn á heimasíðuna og gera það þar.

Við minnum svo á að þegar skóli hefst að nýju er nauðsynlegt að fylgjast vel með námi barnanna. Þetta fyrirkomulag á námi er vissulega ólíkt því sem við erum vön en við verðum öll að taka höndum saman og hjálpast að við að sinna börnunum eins vel og við getum við þessar aðstæður. Þið vitið það að það má alltaf senda línu á kennarana ef þið eruð með vangaveltur eða spurningar.

Nú ætlum við að halda í páskaleyfi og vonum við að allir njóti eins og möglegt er. Við fylgjum að sjálfsögðu fyrirmælum almannavarna og treystum því að ef við fetum öll þá leið erum við að gera okkar besta.

Bestu þakkir til ykkar allra og gleðilega páska!
stjórnendur

Starfsfólk gerir sér dagamun að kennslu lokinni



Stuðningssíða fyrir nám

Eins og fram hefur komið höfum við sett upp stuðningssíðu til að auðvelda nemendum og foreldrum í 5.-10. bekk aðgengi að námsefni og upplýsingum. Á henni er hægt að finna upplýsingar um námið ásamt þeim verkefnum sem kennarar leggja til. Þó við séum ekki með hefðbundinn skóladag eiga allir að hafa aðgengi að efni.



Stuðningssíða fyrir heima- og sjálfsnám

Nemendur í "körfusnjóbolta"



Nokkrar myndir frá skólahaldi í samkomubanni





Einkunnarorð í apríl

Vinátta

Regla mánaðarins er:

„Við hjálpumst að og erum góð hvert við annað“.

